



LIBRA
LÖGMENN

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
40.1	Ásb	25. JUNI 2018
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SFþ	SFþ	1806187

Akraneskaupstaður
b.t. Sævars Freys Þráinssonar bæjarstj.
Stillholti 16 – 18
300 Akranesi

Reykjavík, 19. júní 2018

Efni: Krafa um að hverfisvernd verði afnumin af eignarlóðum Grenja ehf.

Til lögmansstofunnar hefur leitað Ingólfur Árnason framkvæmdastjóri Grenja ehf., kt. 570901-2490 en fyrirtækið er þinglýstur eigandi eftirfarandi fasteigna sem standa á eignarlóðum á tanganum á milli Lambhúsasunds og Krókalóns á Akranesi:

Fastanúmer	Heiti	Lýsing
Bakkatún 20	Einbýli 010101	210-1284
Bakkatún 26	Skrifstofa 010101	210-1210
Bakkatún 28	Iðnaðar og athafnalóð 01	233-3520
Bakkatún 30	Skipasmíðahús 010101	210-1216
Krókatún 22-24	Iðnaðarhús 010101	210-1212

Í Aðalskipulagi Akraness 2005 – 2017 (staðfest 24. apríl 2006) eru þrjú hafnarsvæði skilgreind; svæði H3 við Lambhúsasund, svæði H2, Skarfatangahöfn, og svæði H1, núverandi höfn. Um hafnarsvæði H3 gilda sérstök ákvæði en á því svæði standa ofangreindar fasteignir umbj. mín. Umrætt skipulagssvæði liggur að að hverfisverndarsvæði Hv2 sem er skilgreint sem „*ströndin, Presthúsahein- Krókalón*“. Hverfisverndarsvæðið er um 40 ha að flatarmáli og er fjallað um það með eftirfarandi hætti í greinargerð aðalskipulagsins:

„*Hverfisverndarsvæði Hv1 og Hv2 mynda ásamt friðlandinu í Blautósi og Innstavogsnesi NI samfellt verndarsvæði með norðurströnd bæjarlandsins. Ströndin er vernduð vegna landslags, náttúrufars og fuglalífs auk þess sem svæðið hefur mikið útivistargildi. Verndun strandarinnar og nýting hennar til útivistar er í samræmi við markmið bæjarstjórnar og skýran vilja bæjarbúa á íbúáþingi í september 2003. Afmörkun verndarsvæða við ströndina er sýnd í grófum dráttum*

þar sem jaðar þeirra gagnvart bænum getur verið óljós (t.d. aðliggjandi landnotkunarfletir, sjóvarnargarðar). Innan hverfisverndarsvæða eru einnig búsetuminjar og varðveisluverð bygging sbr. kafla 3.3.13 og 3.3.15.“


Fyrirgreindar eignarlóðir mínar umbj. míns liggja flestar að sjó en skv. ákvæði 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 ná slíkar lóðir 60 faðma (u.þ.b. 115 metra) út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Í ljósi framangreinds telur umbj. minn augljóst að hluti lóða hans falli undir áðurgreindra hverfisvernd enda tilheyrir ströndin við Grenjar og stór hluti Krókalóns eignarlóðum hans.

Umbj. minn gerir ekki athugasemdir við það að eldri byggð, menningarsögulegar minjar, s.s. fornleifar, eða sérstakar náttúruminjar séu verndaðar. Umbj. minn telur hins vegar að engin þörf hafi verið á því að setja á hverfisvernd á áðurgreindum eignarlóðum hans. Ein meginástæða fyrir hverfisverndinni er sú að norðurströnd bæjarins hafi mikið útivistargildi. Umbj. minn telur að slíkt eigi alls ekki við um sínar eignarlóðir enda er þar rekin skipasmíðastöð, stálsmiðja og annar iðnaður. Hafi tilgangur hverfisverndarinnar verið annar, s.s. sá að vernda náttúrufar, landslag eða fuglalíf þá telur umbj. minn að unnt hefði verið að ná þeim markmiðum án þess að kveða á um íþyngjandi hverfisvernd í skipulagi.

Í ljósi alls ofangreinds krefst umbj. minn þess að umrædd hverfisvernd verði afnumin af eignarlóðum hans án tafar en slíkt er hægt að gera með einfaldri breytingu á gildandi skipulagsáætlun. Telji bærinn að einhverra hluta vegna sé ekki hægt að verða við framangreindri kröfu umbj. míns er óskað eftir öllum gögnum um það hvernig málið var kynnt fyrir þeim aðilum sem umbj. minn leiðir rétt sinn frá, þ.e. fyrri eigendum lóðanna, þegar hverfisverndin var sett á.

Umbj. minn áskilur sér allan rétt til þess að krefja bæinn um bætur leiði hin íþyngjandi hverfisvernd til tjóns fyrir hann.

Virðingarfyllst,



Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl.